

**617. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 22. ágúst 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Eygló Hreiðarsdóttir (EH).

Fundargerð ritaði: Eygló Hreiðarsdóttir, Skrifstofustjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir 617 fund lögmætan. Ólafur Þór Ólafsson er fjarverandi Eygló Hreiðarsdóttir ritar fundinn í hans stað.

Dagskrá:

1. Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps - 2205206

Síðari umræða um Viðauki við Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps ásamt tilheyrandi breytingum á samþykktinni vegna breytinga á velferðarþjónustu.

Mál frá 616. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 08.08.2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða breytingu á Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðauka nr. 1 við Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps.

2. Brunavarnaráætlun fyrir Vesturbyggð og Tálknafjörð 2023-2028 - 2308059

Brunavarnaráætlun fyrir Vesturbyggð og Tálknafjörð 2023-2028 lögð fram til staðfestingar.

Mál frá 67. fundi samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.06.2023.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða framlagða brunavarnaáætlun fyrir Vesturbyggð og Tálknafjörð 2023-2028.

3. Samstarf um velferðarþjónustu á Vestfjörðum - 2210487

Samningur um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum lagður fram til þriðju umræðu. Í honum felst aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum um að sveitarfélög á Vestfjörðum vinni sameiginlega að barnaverndarþjónustu og þjónustu við fólk með fötlun, þar sem Ísafjarðarbær verður leiðandi sveitarfélag skv. 96. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður á dagskrá 610. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.03.2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða Samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum og veitir sveitarstjóra heimild til að rita undir hann fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps.

4. Aðild Strandabyggðar að Velferðarþjónustu Vestfirðinga - 2305071

Viðauki I við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum um aðild Strandabyggðar að samningnum. Lagt fram til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa Viðauki I við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum um aðild Strandabyggðar til síðari umræðu í sveitarstjórn.

5. Starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar - 2304095

Starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar.

JIJ leggur til að hætt verði við breytingar á vetraropnun íþróttahúss. Opnunartími og þjónusta verði með sama hætti og síðastliðinn vetur .

Einnig að fyrirverandi forstöðumaður verði beðinn afsökunar á málsmeðferð sem að umsókn hennar um námsleyfi fékk.

Í framhaldi af því verði athugað hvort að fyrirverandi forstöðumaður geti aðstoðað með stjórnun íþróttahúss t.d gerð vaktaplana á meðan ekki er starfandi forstöðumaður.

Tillaga felld með 4 atkvæðum gegn 1 atkvæði JIJ

Sveitarstjórn samþykkir með 4 atkvæðum gegn 1 atkvæði JIJ að ekki verði ráðið í stöðu forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar að svo stöddu. Sveitarstjóra falið að leita annara leiða er varða stjórn þeirrar starfsemi sem fer fram í Íþróttamiðstöðinni.

6. Kjör í fastanefndir til fjögurra ára 2022-2026 - 2205202

Breytingar á fulltrúum í fastanefndum á vegum Tálknafjarðarhrepps teknar fyrir.

Tillaga frá JÖH Þar sem Anna Kristín Gylfadóttir hefur óskað eftir lausn frá störfum í fræðslunefnd legg ég til að Jónas Snæbjörnsson taki hennar sæti. Jónas er varamaður í nefndinni í dag. Einnig er varamaðurinn Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir orðin vanhæf þar sem hún er orðinn starfsmaður í Tálknafjarðarskóla. Ég legg til að Stefanía M Reimarsdóttir verði fyrsti varamaður og Nancy Rut Helgadóttir verði annar varamaður. Nefndina munu þá skipa

Aðalmenn:

Jóhann Örn Hreiðarsson, formaður

Gerður Rán Freysdóttir

Jónas Snæbjörnsson

Varamenn:

Stefanía M Reimarsdóttir

Nancy Rut Helgadóttir

Guðlaugur Jónsson

Sveitarstjórn þakkar Önnu og Ingibjörgu fyrir unnin störf fyrir nefndina.

Samþykkt með 4 atkvæðum og GJ sat hjá.

Jóhann B. Helgason, byggingafulltrúi, tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað í þessu máli.

7. Framkvæmdir 2023 - 2303171

Minnisblað frá sveitartjóra dags. 19.08.2023 varðandi framkvæmdir 2023.

Sveitarstjórn samþykkir með 4 atkvæðum að ganga að tilboði Malbikunar Norðurlands um malbikun Túngötu GJ á mótí. Sveitarstjóra er falið að leggja fram viðauka við

fjárhagsáætlun vegna lántöku til að fjármagna framkvæmdina.

8. Grænbók um skipulagsmál - 2308001

Tillaga frá skipulagsnefnd Tálknafjarðarhrepps til sveitarstjórnar að send verði umsögn um Grænbók í skipulagsmálum þar sem ítrekuð verði stefnumótun og lagasetning um sjávarfallaorku og sjávarfallavirkjanir.

Mál frá 11. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.08.2023.

*Sveitarstjórn tekur undir álit skipulagsnefndar um að mikilvægt sé að móta stefnu um sjávarfallaorku og sjávarfallavirkjanir og felur oddvita sveitarstjórnar að skila inn umsögn Tálknafjarðarhrepps þess efnis við Grænbók um skipulagsmál.
Samþykkt með 4 atkvæðum JIJ sat hjá.*

9. Fyrri fundur sveitarstjórnar í september 2023 - 2308058

Minnisblað frá sveitarstjóra dags. 19.08.2023 þar sem lagt er til að fyrri reglubundni fundur sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps í september 2023 verði færður fram um einn dag og fari fram mánudaginn 11.09.2023 og hefjist kl. 17:00.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fyrri reglubundni fundur sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps í september 2023 verði færður fram um einn dag og fari fram mánudaginn 11.09.2023 og hefjist kl. 17:00.

10. Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands 1-3 september - 2307391

Erindi frá undirbúningsnefnd vegna aðalfundar Skógræktarfélag Íslands 2023 dags. 01.07.2023. Aðalfundurinn verður haldinn á Patreksfirði 01.09.2023-03.09.2023.

Mál frá 616. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 08.08.2023.

Sveitarstjórn samþykkir með 3 atkvæðum gegn 1 atkvæði JIJ styrk að upphæð 150.000. vegna aðalfundar Skógræktarfélag Íslands sem fer fram á sunnanverðum Vestfjörðum í byrjun september 2023. GJ situr hjá.

11. Skipulagsnefnd - 11 - 2308003F

Fundargerð 11. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.08.2023.

Fundargerðin er staðfest

11.1 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

11.2 2308001 - Grænbók um skipulagsmál

11.3 2308028 - Fundadagatal 2023-2024

12. Umhverfis- og byggingarnefnd - 10 - 2308002F

Fundargerð 10. fundar umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 16.08.2023.

Fundargerðin er staðfest

12.1 2308028 - Fundadagatal 2023-2024

12.2 2308018 - Eysteinseyri breytt notkun og sorp

- 12.3 2005196 - Umsókn um breytingu á hlöðuþaki
- 12.4 2307378 - Umsókn um byggingarleyfi - súrefnismeðhöndlun
- 12.5 2308039 - Dunhagi, framlenging á þaki

13. Rekstraryfirlit 2023 - 2306328

Milliuppgjör vegna reksturs fyrstu 6 mánuði árisins verður lagt fram.
Gyða Steinsdóttir hjá KPMG tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað í þessum lið.
Farið var yfir 6 mánaða uppgjör. Frestað til næsta fundar.

14. ADHD samtökin - 2308014

Erindi frá ADHD samtökunum dags. 02.08.2023 þar sem óskað er samstarfs við Tálknafjarðarhrepp vegna starfsemi samtakanna.

Mál frá 616. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 08.08.2023.

Lagt fram.

15. Kvennaráðgjöfin - 2307402

Erindi frá Kvennaráðgjöfinni dags. 18.07.2023 varðandi stafsemi hennar árið 2023.

Mál frá 616. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 08.08.2023.

Lagt fram

16. Lántaka 2023 - 2308027

Lánasamningur Tálknafjarðarhrepps við Lánasjóð sveitarfélaga nr. 2308-37.

Lagt fram

17. Lausaganga búfjár - 2308057

Glærur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá samráðsfundi sambandsins með framkvæmdastjórum sveitarfélaga um smölun ágangsfjár sem fór fram 18.07.2023.

Lagt fram

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:15.

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Eygló Hreiðarsdóttir (EH)